

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2011, fimmtudaginn 28. apríl, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **81. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Árni Kristjánsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Jóhann Kristján Einarsson, Tungusíðu 30 og Árni Páll Jóhannsson Munkaþverárstræti 13, Akureyri, sækja um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 3 í Sunnuhlíð við Grenivík, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni & verkfræðistofu, dags. 26.04.2011.

Byggingarnefnd samþykkir teikningarnar af húsinu, en getur ekki samþykkt legu hússins í byggingarreitnum, þar sem skipulagsskilmálar kveða á um að húsin eigi að snúa því sem næst samsíða legu hæðarlína og stefnu á byggingarreitum. Nefndin bendir umsækjanda á að snúa sér til sveitarstjórnar, ef óskað er eftir að víkja frá skilmálum.

2. Stefán Jóhannesson, Aðalstræti 30, Akureyri, leggur fyrir breyttar teikningar af sumarhúsi sem samþykkt var 8. maí 2007 á lóð nr. 5 í Sunnuhlíð við Grenivík. Teikningarnar eru frá teiknistofunni Form, dags. 11.09.2009.

Byggingarnefnd samþykkir teikningarnar af húsinu, en getur ekki samþykkt legu hússins í byggingarreitnum, þar sem skipulagsskilmálar kveða á um að húsin eigi að snúa því sem næst samsíða legu hæðarlína og stefnu á byggingarreitum. Nefndin bendir umsækjanda á að snúa sér til sveitarstjórnar, ef óskað er eftir að víkja frá skilmálum.

3. Fjarskipti ehf Skútuvogi 2, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir að setja upp fjarskiptabúnað og loftnetasúlu fyrir GSM þjónustu á skemmu (hlöðu) á jörðinni Höfða 2, Grýtubakkahreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Gaut Þorsteinsson, dags. 23.03.2011, vek nr. 230.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Haukur Ingólfsson, Þórunnarstræti 106, Akureyri, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð sem heitir Háimelur í landi Sunnuhlíðar, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Mannvit verkfræðistofu, dags. 07.10.2010, verk nr. 3.141.255.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Valtýr Hreiðarsson, Mánahlíð 12, Akureyri, sækir um leyfi fyrir einbýlishúsi á jörðinni Sunnuhlíð, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Kollgátu, dags. 04.04.2011.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Tómas Pétur Óskarsson og Ásta Oddsdóttir, Norðurtúni 23, Siglufirði, sækja um leyfi fyrir sumarhúsi og geymsluskúr á lóð nr. 20 á Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Stefáni Árnasyni, dags. 21.02.2011.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Ragnar Ingólfsson, Hóli 2, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir bílskúr á jörðinni Hóli 2, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Cedrus teikni-og verkfræðiþjónustu, dags. 08.03.2011, verk nr. 11 006.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Þorgerður Guðmundsdóttir, Ytra-Laugalandi 2, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að setja niður geymslugám við íbúðarhúsið að Ytra-Laugalandi 2.

Byggingarnefnd telur varla ásættanlegt að staðsetja gáma við íbúðarhús og synjar því erindinu, en vísar umsækjanda að öðru leyti til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar með þetta mál.

9. Eyrún Eyþórsdóttir, Heiðarlundi 5 c, Akureyri sækir um leyfi fyrir geymsluskúr á frístundalóð á jörðinni Stóra-Hamri 2, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá framleiðanda.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

10. Þorvaldur Hallsson, Dvergagili 26, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að loka yfirbyggðri verönd á gestahúsi, sem byggt var á síðasta ári á jörðinni Ysta-Gerði, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi teikningar eru frá ES teiknistofu, dags. 01.06.2010 og breyting dags. 29.03.2011, verk nr. 10050.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

11. Eyjafjarðarsveit, Syðra-Laugalandi, sækir um leyfi fyrir breytingum á húsnaði Hrafnagilsskóla. Sótt er um leyfi til að flytja mótuneyti úr kjallara og uppá 1. hæð og innrétta kjallara fyrir heimilisfræði. Einnig verða gerðar minniháttar breytingar á áður samþykktum teikningum af 1. og 2. hæð heimavistarálmu, þar sem gerð var aðstaða fyrir aldraða á 1. hæð og verið er að innrétta skrifstofur fyrir Eyjafjarðarsveit á 2. hæð.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

12. Óskar Gunnarsson, Sólborgarhóli, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir 20 feta geymslugám sem staðsettur yrði þar sem gamla íbúðarhúsið stóð, en húsið var rífið fyrir stuttu.

Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi í 1 ár, enda verði gámmum komið þannig fyrir að sem minnst beri á honum.

13. Sigurður Gíslason, Steinsstöðum 2, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir bílgeymslu og tengibyggingu við íbúðarhúsið á Steinsstöðum 2, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá teiknistofunni Form, dags. 24.11.2010.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

14. Hjörvar Kristjánsson, Ósi, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir bílskúr og tengibyggingu við íbúðarhúsið á Ósi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Jónasi Vigfússyni, dags. 07.03.2011, verk nr. 2011.01.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

15. Guðbjörn Ævarsson, Öldusölum 7, Kópavogi, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 5 við Búðagötu á Hjalteyri, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Opus teikni- & verkfræðistofu, dags. 29.03.2011, verk nr. 110101.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

16. Guðbjörn Ævarsson, Öldusölum 7, Kópavogi, sækir um leyfi fyrir verbúð á lóð nr. 17 við Búðagötu á Hjalteyri, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Opus teikni- & verkfræðistofu, dags. 29.03.2011, verk nr. 110101.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

17. Tekin fyrir drög af samstafssamningi milli sveitarfélaga um byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis, þar sem stjórn embættisins óskar eftir að byggingarnefnd og byggingarfulltrúi geri tillögu um hvaða erindi hljóti fullnaðarafgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.

Byggingarnefnd og byggingarfulltrúi leggja til að nefndin fullnaðarafgreiði að öðru jöfnu öll erindi sem embættinu berast. Á þann hátt þarf ekki að leggja mat á það hvaða erindi byggingarfulltrúi afgreiðir, enda ef það ættu eigöngu að vera einhver minniháttar erindi skiptir það litlu máli.

Byggingarnefnd leggur á það áherslu að byggingarfulltrúi hafi heimild til að veita leyfi til byrjunarframkvæmda eins og verið hefur þegar aðstæður skapast. Þannig er hægt að komast hjá því í flestum tilfellum að framkvæmdaaðilar verði fyrir töfum með því að bíða eftir afgreiðslu.

Í lið 1.3 er kveðið á um að byggingarfulltrúi hafi eftirlit með frmkvæmdaleyfissskildum verkum. Nefndin telur að skipulagsfulltrúi eigi að sinna því eftirliti sbr. 7.gr. skipulagslaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30

Árni Kristjánsson
Egill Bjarnason

Hermann Jónsson
Elmar Sigurgeirsson

